Nd. 423. Þingsályktun

um fátækraframfærslu.

(Afgreidd frá Nd. 21. ágúst).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir næsta þing frumvarp um þær breytingar á fátækralögunum, að greitt sé úr þeim fjárhagsvandræðum, er af því leiðir fyrir einstök hreppsfélög, hversu þunginn af fátækraframfærslunni kemur misjafnlega niður.